

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um sveigjanleg skólaskil

Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkir að fela skóla- og frístundasviði að skoða útfærslur tilraunaverkefnis til tveggja ára sem stuðlar að auknum sveigjanleika milli skólastiga við upphaf og lok grunnskólans. Þannig yrði nemendum gefinn kostur á því vali að hefja grunnskólanám fyrr og ljúka því fyrr. Nemendum stæði til boða val um að hefja grunnskólanám í grunnskólum borgarinnar við fimm ára aldur, og/eða að ljúka grunnskólanámi ári fyrr. Slíkt fyrirkomulag myndi auka tengsl milli skólastiga, samfellu í námi og styðja betur við einstaklingsmiðað nám. Skóla- og frístundasviði verði falið að móta slíkar tillögur að sveigjanlegum skólaskilum, en þær miði fyrst og fremst að því að auka valfrelsi nemenda og forráðamanna, og samfellu milli skólastiga. Sviðið leiti sér ráðgjafar eftir því sem þurfa þykir við gerð tillagnanna. Stefnt verði að því að útfæra tillögurnar á næsta skólaári og því mikilvægt að undirbúningur hefjist sem fyrst. Gert verði ráð fyrir að tilraunaverkefnið verði til tveggja ára, þar sem einn skóli í hverjum borgarhluta byði upp á þetta val. Verkefnið yrði síðan metið að þeim tíma liðnum, af kennslufræðingum og skólasamfélaginu.

Greinargerð

Upphaf og lok grunnskólanáms marka óneitanlega nokkur þáttaskil í lífi hvers nemanda og forráðamanna hans. Við þessi þáttaskil skiptir nemandi um skóla eða lýkur námi um lengri eða skemmri tíma. Við skólaskil breytist jafnframt námskrá og námsáherslur umtalsvert. Að öllu jöfnu bendir þó ekkert til þess að aldurinn fimm ára og fimmtán ára sé heppilegri til þessara þáttaskila en einhver annar. Auk þess hlýtur það vissulega að vera einstaklingsbundið hvenær nákvæmlega hverjum og einum nemanda henti best að hefja grunnskólanám og ljúka því.

Einstaklingsmiðað nám hefur verið eitt helsta markmið aðalnámskrárinnar um árabíl. Með sveigjanlegum skilum á milli skólastiga er lögð mun meiri áhersla á einstaklingsmiðað nám. Jafnframt er leitast við að auka samfellu námsferilsins. Með því að losa um þær föstu skorður sem skólastigin eru nú í, fjölgum við valmöguleikum nemenda, aukum samskipti og samstarf forráðamanna og skóla og stuðlum að fjölbreytni í námi á báðum skólastigum.

Megintilgangur þessara breytinga felst í því markmiði að hver og einn nemandi fái sem best notið þeirrar þjónustu sem skólarnir hafa upp á að bjóða. Með breytingum af þessum toga mun skólakerfið skapa skólunum aukin tækifæri til sjálfstæðis, sérstöðu og sveigjanleika í skipulagi skólastarfsins, þannig að námsumhverfið mæti betur þörfum nemenda. Þá munu sveigjanleg skólaskil rýmka til á leikskólum borgarinnar sem mun þá hafa í för með sér styttri biðlista.

Þær breytingar sem hér er verið að leggja til eru í fullu samræmi við þá þróun samfélagsins, að auka sveigjanleika á sem flestum sviðum, svo sem sveigjanlegri vinnutíma og starfslok, sveigjanlegra starfsumhverfi eða vinnutíma án tiltekinnar staðsetningar og sveigjanlegri þjónustu með aukinni snjalltækni. Skólunum er ætlað að undirbúa nemendur undir frekara nám og þátttöku í samfélaginu. Það er því eðlilegt að þeir taki sjálfir þátt í þeirri þróun samfélagsins, að uppfylla einstaklingsmiðaðar þarfir með sveigjanleika og valfrelsi að leiðarljósi.